

Fjárlaganefnd Alþingis
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. maí 2016

Efni: Fjármálaáætlun og fjármálastefna 2017-2021 (740. og 741. mál)

Með þingsályktunartillögum er í fyrsta skipti lögð fram ítarleg stefnumörkun í opinberum fjármálum hérlendis. Þá felst í þeim samræming á opinberri fjármálastjórn en ríki og sveitarfélög hafa starfað saman að mótun þingsályktunartillagnanna. Tillögurnar eru lagðar fram í kjölfar gildistöku nýrra laga um opinber fjármál í upphafi ársins sem kveða á um að svo skuli gert.

Viðskiptaráð fagnar framlagningu þingsályktunartillagnanna. Að mati ráðsins stuðlar stefnumörkun og áætlanagerð í fjármálum hins opinbera að bættri hagstjórn og ábyrgari fjármálastjórn. Að því sögðu gerir ráðið efnislegar athugasemdir við þá stefnu sem mörkuð er í áætluninni.

Auka þarf sveiflujöfnun

Opinber rekstur ætti að styðja við peningastefnuna í að draga úr hagsveiflum. Í því felst að aðhald sé aukið í opinberum rekstri þegar vel árar í efnahagsmálum. Þróunin í fjárlögum ársins 2016 var hins vegar í öfuga átt. Þar voru opinber útgjöld aukin á sama tíma og þensla hófst í efnahagslífinu.¹ Þá skildu háar nafnlaunahækkningar sem stjórnvöld sömdu um á síðasta ári Seðlabanka Íslands einan eftir í baráttunni fyrir verðstöðugleika sem í kjölfarið taldi sig knúinn til að hækka stýrivexti. Í ljósi spáa bankans um vaxandi þenslu og verðbólguþrýsting á komandi misserum væri því heppilegast að hið opinbera dragi saman seglin til að hjálpa til við að vinda ofan af þessum ákvörðunum.

Í þessu ljósi hefði Viðskiptaráð viljað sjá samdrátt í fjármálaáætluninni þegar kemur að opinberum útgjöldum. Í áætluninni er hins vegar einungis stefnt að því að frumgjöld vaxi ekki umfram verga landsframleiðslu (VLF) fram til ársins 2021. Með öðrum orðum er ekki gert ráð fyrir samdrætti opinberra útgjalda. Raunar er í áætluninni gert ráð fyrir örlítilli hækkun þrátt fyrir framangreint markmið, eða úr 26,4% af VLF árið 2017 upp í 26,5% af VLF árið 2021.

¹ Fjallað er nánar um ný fjárlög í frétt frá 9. september 2015: „Fjárlög 2016: Auknar skatttekjur fjármagna hærrí launakostnað“ Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/frettir/fjarlog-2016/>. Þá má nálgast ítarlega umfjöllun Viðskiptaráðs um rekstur hins opinbera í riti ráðsins (frá febrúar 2015): „Hið opinbera: tími til breytinga“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/hid-opinbera/>

Óutfyllt ávísun þegar kemur að sjúkrahúspjónustu

Þegar litið er til einstakra málaflokka snýr veigamesta gagnrýni Viðskiptaráðs að útgjalda til sjúkrahúspjónustu. Stjórnvöld virðast þar sleppa allri aðhaldskröfu – en sjúkrahús eru einn af stærstu útgjaldaflokkunum þegar kemur að rekstri hins opinbera. Þannig segir eftirfarandi í áætluninni:

„Gert er ráð fyrir að framlög til málefnasviðsins verði stóraukin á árunum 2017–2021 og að þau verði 16,7 mia.kr. hærri árið 2021 að raunvirði samanborið við árið 2016 en það svarar til liðlega 22% raunvaxtar. [...]

Auk þess er gert ráð fyrir 2 mia.kr. óskiptu útgjaldasvigrúmi í ramma málefnasviðsins árið 2017 og um 1,6 mia.kr. viðbótarsvigrúmi á ári hverju eftir það út tímabilið þannig að uppsafnað nemur nýtt útgjaldasvigrúm málefnasviðsins, að meðtöldu viðhaldsframlaginu, 8,6 mia.kr. að raungildi.“


Að mati ráðsins ætti útgjaldaaukning einungis að vera áformuð ef ítarlegur rökstuðningur liggur þar að baki. Hugtök eins og „óskipt útgjaldasvigrúm“ og „viðbótarsvigrúm“ falla ekki í þann flokk. Ef litið er til rekstrar Landspítalans á síðustu árum má sjá að hækkun launakostnaðar vegur þar þyngst. Launakostnaður á hvert stöðugildi hefur aukist um 31% á einungis þremur árum (mynd 1). Slíkar hækkanir er ekki unnt að finna á almennum vinnumarkaði.

Mynd 1

Launakostnaður hefur hækkað um 31% á þremur árum á Landspítala

Mánaðarlegur launakostnaður á starfsmann

Þúsundir króna¹



¹ Laun og launatengd gjöld deilt með fjölda ársverka á tilsvareandi ári


Heimild: Ársreikningar Landspítala, greining Viðskiptaráðs Íslands

Stjórnvöldum ber að tryggja að aukin fjárframlög til heilbrigðismála nýtist í aukna þjónustu við sjúklinga eða lækkun kostnaðarpátttöku þeirra en ekki í ríflegri hækkun launakostnaðar en annars staðar þekkist. Til að svo verði ætti ekki aðeins gera ráð fyrir auknum útgjöldum til sjúkrahúsa ef þau erur sérstaklega eyrnamerkt slíkum umbótum. Að öðrum kosti er hætt við að umframhækkanir launa sjúkrahússtarfsfólks haldi áfram á næstu árum í stað þess að þjónusta við sjúklinga batni eða kostnaður þeirra minnki.

Umfjöllunin hér að framan er ekki tæmandi enda er fjármálaáætlunin mikil að umfangi. Viðskiptaráð áformar að fjalla nánar um einstaka málaflokka ásamt þeirri stefnu sem er mörkuð í skattheimtu í tillögnum í málefnnastarfi sínu á næstunni. Að því sögðu styður ráðið framgöngu tillagnanna, með fyrirvara um athugasemdirnar hér að framan, enda veita þær grundvöll fyrir málefnalega umræðu um opinber fjármál á komandi árum.

Viðskiptaráð leggur til að þingsályktunartillögurnar nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda.

Virðingarfyllt,



Björn Brynjúlfur Björnsson
Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands